




Einstakt tækifæri fyrir unga rithöfunda



Sögur – samtök um barnamenningu efna nú í fimmta skiptið til smásagnasamkeppninnar **RISastórar smásÖGUR**

fyrir börn á aldrinum 6–12 ára. Valdar verða 20 bestu sögurnar sem verða gefnar út á rafbókarformi hjá Menntamálastofnun og tvær sögur munu hljóta sérstaka viðurkenningu! Tilkynnt verður um vinningshafa á **Sögum – barnamenningarhátíð** í beinni útsendingu hjá RÚV í lok maí 2022.

Svona tekur þú þátt:

- Þú skrifar frábæra smásögu. Hún má vera um næstum hvað sem er en þarf að vera á bilinu 250–400 orð.
- Þú mátt skila sögunni inn hvenær sem er en í janúar 2022 veljum við úr sögum sem hafa borist síðastliðið ár.
- Þú skilar sögunni á vef KrakkaRÚV eða **hér**.
- Ef þú vilt fá einhverja hugmynd um það hvernig góð saga lítur út er úr nógu að velja.

Kíktu endilega við á heimasíðu Menntamálastofnunar til að skoða verðlaunasögur síðustu ára.

Úr nógu er að velja!



Já, í beinni!



Myndhöfundur er
Bergrún Íris Sævarsdóttir